



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 100 ára afmæli
síldarævintýris Íslendinga
Siglufirði
24. júlí 2004**

Ágætu Siglufirðingar
Þingmenn, ráðherrar, norske venner
og aðrir góðir gestir

Síldarævintýri Íslendinga, hundrað ár. Saga umbrota og árangurs, saga mannlífs og nýrra atvinnuhátta, saga sem þúsundir fjölskyldna varðveita í hjarta sínu, minningar um glaðværð og atorku nætur og daga, ástir og tilhugalíf, ótrúleg uppgrip sem gerðu mörgum ungmennum kleift að ganga menntavegin, landsfræga athafnamenn sem gerðu Siglufjörð að stóriðjustöð, uppsprettu framfara, auðs og nýrrar sýnar á framtíðina.

En líka saga ólgu og átaka, stríðir straumar fyrri tíðar skárust hér með skýrum hætti, kröfur um jafnari kjör og velferð íbúanna bornar fram í krafti sannfæringar, byltingin jafnvel stundum á næsta leiti, rauðir fánar og baráttufundir.

Og þjóðin fylgdist með, aðdáun og undrun í hugum flestra, stóð oft á öndinni þegar dramað á Siglufirði náði hæstum hæðum og örlög Íslendinga voru hér ráðin.

Saga þjóðar í hnotskurn, vegferð frá fátækt til bjargálna og nútímans í atvinnulífi Íslendinga, saga bæjar sem varð spegilmynd breytinga sem færðu okkur hagsæld og velferð sem við búum nú að. Án síldarinnar á Siglufirði hefði Ísland búið lengur við stöðnun og athafnaleysi.

Já, kæru vinir, hvílík saga, hvílíkt ævintýri og nú hafið þið skapað umgjörð sem gerir ungum og öldnum kleift að lifa þessa tíma á ný.

Síldarminjasafnið er merkur brautryðjandi sem hlotið hefur fjölmörg verðlaun, dæmt af vitrum mönnum að það sé í fremstu röð evrópskra safna.

Hver hefði trúað því fyrir tíu árum eða svo, en ævintýrin gerast enn á Siglufirði. Ég man það vel þegar ég hlýddi fyrir röskum áratug fyrst á draumana um safnið og síldina, hugsjónafólk vildi hefjast handa, var bjartsýnt þótt raddir efasemda heyrðust víða en hér sjáum við hvernig verkin hafa talað. Ég óska ykkur öllum til hamingju með árangurinn.

Hér skynjum við vel hvernig síldin skóp lifandi mannlíf, hve ótrúleg umsvifin voru, hvernig hugvit og orka breyttu framleiðslunni stig af stigi þótt grunnurinn, silfur hafsins, væri áfram upphaf og kjarni alls sem var gert.

Hér lét Hjörtur frændi minn að sér kveða, stjórnaði ungur Kaupfélaginu, oft með harðri hendi, en fann svo upp á því að smíða stokka með rennandi vatni svo að úrgangurinn frá bryggjum og plönnum ætti greiða leið í burt.

Hér var móðir mín ung, ýmist á símanum eða í síldarverkun, og hingað kom ég á páskum níu ára í fyrstu langferð með strandferðaskipi og hlustaði hugfanginn á sögur og ævintýri um síldina sem senn kæmi á ný.

Þannig eiga fjölskyldur þúsundum saman, vítt og breitt um landið allt, minningar í sínum ranni um Siglufjörð og síldarævintýrið, minningar um pabba og mömmur, afa og ömmur, frændur og frænkur sem öll voru hér í önnum og ævintýrum.

Safnið er því ekki aðeins vitnisburður um merka kafla í þjóðarsögu heldur líka vettvangur þar sem við sækjum hvert og eitt tengsl við ættir okkar og uppruna, ræturnar sem eru okkur kærar.

En það eru fleiri en við sem heiðra Siglufjörð hér í dag.

Vi hilser våre norske venner velkomne og takker dem for deres velvilje og interesse for museets framgang her i Siglufjörður. Det var et viktig øyeblikk da kronprins Haakon besøkte Siglufjörður for noen uker siden og innviet Bryggjuhúsið, en ny dimensjon i museets presentasjon av svunnen tid. Kronprinsen viste oss at Siglufjörðurs historie også er en del av norsk historie, og at nordmenn har en stor interesse i å se museet omkring sildeeventyret vokse og utvikle seg.

Vi ønsker våre norske venner velkomne til et samarbeid omkring en slik utvikling, samtidig som vi takker kronprins Haakon og Siglufjörðurs norske velyndere for å ta et tak sammen med oss. Vi håper at både

kronprinsens besök og mange eminente nordmenns deltakelse her i dag er en indikasjon på de gode resultater vi sammen kan oppnå i fremtiden.

Nú er gleðidagur á Siglufirði og ég óska íbúum öllum til hamingju með árangurinn sem hér blasir við, þakka ykkur fyrir alúðina sem þið hafið sýnt merkri sögu, þakka ykkur fyrir hve skemmtilega og lifandi þið hafið sett á svið mannlífið sem var áður draumaveröld margra Íslendinga.

Þjóðin öll þakkar Siglufirðingum og ég færi ykkur þær þakkir hér í dag.